

Uppgjör Össurar fyrir þriðja ársfjórðung 2008



Life Without Limitations

Fréttatilkynning frá Össuri hf.
Reykjavík, 28. október 2008

Helstu niðurstöður fyrir þriðja ársfjórðung 2008

- Sala var 87,3 milljónir Bandaríkjadala, jókst um 6% frá sama tímabili 2007.
- EBITDA var 21,1 milljón Bandaríkjadala, jókst um 50% frá sama tímabili 2007.
- EBITDA hlutfall var 24%, samanborið við 17% á sama tíma í fyrra.
- Hagnaður tímabilsins var 13,7 milljónir Bandaríkjadala, samanborið við 2,2 milljónir á sama tímabili 2007.
- Hagnaður að viðbættum afskriftum á útstandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttar var 4,60 bandarísk sent, samanborið við 2,10 sent á sama tímabili 2007.
- Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttar var 3,24 bandarísk sent, samanborið við 0,56 sent á sama tímabili í fyrra.

Helstu niðurstöður fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2008

- Sala var 269,9 milljónir Bandaríkjadala, jókst um 8% frá sama tímabili 2007.
- EBITDA var 63,1 milljónir Bandaríkjadala, jókst um 52% frá sama tímabili 2007.
- EBITDA hlutfall var 23%, samanborið við 17% á sama tímabili 2007.
- Hagnaður tímabilsins var 24,3 milljónir Bandaríkjadala, samanborið við 900 þúsund dali á sama tímabili 2007.
- Hagnaður að viðbættum afskriftum á útstandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttar var 10,0 bandarísk sent, samanborið við 4,94 sent á sama tímabili í fyrra.
- Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttar var 5,75 bandarísk sent, samanborið við 0,24 sent á sama tímabili í fyrra.

Jón Sigurðsson, forstjóri:

„Við erum ánægð með niðurstöður þriðja ársfjórðungs og fyrstu níu mánuði ársins. Okkur hefur tekist að auka arðsemi rekstursins ágætlega þrátt fyrir að söluvöxtur hafi verið hægari en áætlað var. Á síðustu tveimur árum höfum við lagt ríka áherslu á innleiðingarferli og sameiningu til þess að byggja upp sterkt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Í dag eru tekjur félagsins dreifðar og gott jafnvægi er milli Bandaríkjanna og Evrópu. Fjárhagslegur styrkur Össurar er góður og er eiginfjárlutfallið 43%. Við gerum ekki ráð fyrir að sveiflur á fjármálamörkuðum muni hafa veruleg áhrif á rekstur félagsins þar sem Össur starfar innan heilbrigðisgeirans. Þegar á heildina er litið teljum við að okkur hafi tekist að byggja upp sterkt fyrirtæki og byggja góðan grunn fyrir framtíðarvöxt“

TEAM OSSUR IN BEIJING 2008

11 GOLD • 6 SILVER • 4 BRONZE

www.ossur.com

Life Without Limitations

Kynningarfundur fyrir fjárfesta í dag 28. október kl. 12:00

Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn í dag, þann 28. október á Grand Hótel við Sigtún, Reykjavík og hefst kl. 12:00. Þar munu Jón Sigurðsson, forstjóri og Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri, kynna afkomu félagsins og svara spurningum. Fundurinn fer fram á ensku.

Sýnt verður beint frá fundinum á netinu á slóðinni www.ossur.com/investors

Einnig verður hægt að taka þátt í fundinum í síma. Eftirfarandi eru innhringínúmer fyrir fundinn:

Ísland: 800 8660

Evrópa: +44 (0)20 3043 2436

Bandaríkin: +1 866 458 40 87

Kynningarefni verður aðgengilegt á heimasíðu Össurar: www.ossur.com Fréttavef Kauphallarinnar/ Nasdaq OMX: www.omxnordicexchange.com/newsandstatistics/companynotices og á www.huginonline.com

Sáraumbúðavörulína – afhending á vörulínu og málaferlum lokið

Eins og tilkynnt hefur verið seldi Össur hf. sáraumbúðavörulínu félagsins til BSN medical GmbH fyrr á þessu ári. Í ágúst var framleiðslan og lager afhentur í samræmi við samninga. Afhending og lokaskil á vörum til BSN gekk mjög vel sem skilaði árangurstengdri greiðslu.

Eins og áður hefur komið fram átti Össur í málaferlum sem tengdist sáraumbúðavörulínunni. Málaferlunum er nú lokið. Hluti af söluandvirðinu var tekinn til hliðar til þess að standa straum af kostnaði vegna málaferlanna.

Einskiptistekjur á þriðja ársfjórðungi vegna sáraumbúðavörulínunnar nema 2,3 milljónum Bandaríkjadala. Heildaráhrif af sölnunni á rekstrarreikning fyrstu níu mánuði ársins nema 8,8 milljónum Bandaríkjadala.

Rekstrarniðurstöður fyrir þriðja ársfjórðung 2008

Eftirfarandi eru helstu rekstrarniðurstöður fyrir þriðja ársfjórðung 2008.

Rekstrarreikningur 3. ársf. 2008 (þús. USD)	3. ársf. 2008	% af sölu	3. ársf. 2007	% af sölu	Breyting
Sala	87.264	100,0%	82.322	100,0%	6,0%
Kostnaðarverð seldra vara	(35.499)	-40,7%	(34.967)	-42,5%	1,5%
Framlegð	51.765	59,3%	47.355	57,5%	9,3%
Aðrar rekstrartekjur	2.479	2,8%	311	0,4%	697,1%
Sölu- og markaðskostnaður	(22.059)	-25,3%	(20.716)	-25,2%	6,5%
Þróunarkostnaður	(5.100)	-5,8%	(5.114)	-6,2%	-0,3%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(11.727)	-13,4%	(13.711)	-16,7%	-14,5%
	15.358	17,6%	8.125	9,9%	89,0%
Rekstrarhagnaður					
Fjármunatekjur	27	0,0%	5.098	6,2%	-99,5%
Fjármagnsgjöld	2.355	20,3%	(10.937)	-13,3%	n/a
Hagnaður fyrir tekjuskatt	17.740	20,3%	2.285	2,8%	676,4%
Tekjuskattur	(4.051)	-4,6%	(130)	-0,2%	3016,2%
Hagnaður tímabilsins	13.689	15,7%	2.155	2,6%	535,2%
EBITDA	21.128	24,2%	14.068	17,1%	50,2%
EBITDA leiðrétt*	19.112	21,9%	14.068	17,1%	35,8%

* leiðrétt fyrir einskiptistekjum og einskiptiskostnaði.

Rekstrarreikningur fyrir þriðja ársfjórðung 2008

Sala fjórðungsins var 87,3 milljónir Bandaríkjadala og var söluaukningin 6%, mælt í Bandaríkjadöllum samanborið við þriðja ársfjórðung 2007. Jákvæð gengisáhrif hafa áhrif á söluvöxt sem var 3%, mælt í staðbundinni mynt.

Reikningskilaaðferðir Gibaud hafa að fullu verið lagaðar að IFRS og Össuri, sem gerir það að verkum að kostnaður áður færður sem skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er nú færður sem kostnaðarverð seldra vara og sölu- og markaðskostnaður. Samanburðartölur hafa verið aðlagðar.

Áhrif árstíðabundinna sveiflna hefur aukist eftir kaupin á Gibaud þar sem starfsemin liggur að mestu niðri í 4-6 vikur í júlí og ágúst vegna sumarfría. Þetta hefur áhrif á sölu á þriðja ársfjórðungi. Helstu áherslur ársins 2008 eru að auka arðsemi og sjást skýr merki þess á þriðja ársfjórðungi.

Framlegð var 51,8 milljónir Bandaríkjadala samanborið við 47,4 milljónir á þriðja fjórðungi 2007, sem er 9% aukning. Framlegð sem hlutfall af sölu jókst um 1,8 prósentustig. Veiking íslensku krónunnar á móti Bandaríkjadala hefur jákvæð áhrif á kostnaðarverð seldra vara sem skilar sér í jákvæðum áhrifum á þennan lið.

Aðrar rekstrartekjur nema 2,5 milljónum Bandaríkjadala. Undir liðnum aðrar rekstrartekjur eru 2,3 milljónir dala vegna sölnnar á sáraumbúðavörulínu félagsins fyrr á þessu ári.

Kostnaðarliðir sem hlutfall af sölu voru 45% samanborið við 48% á þriðja ársfjórðungi 2007. Lækkunin er að hluta til vegna lögfræðikostnaðar sem féll til á þriðja ársfjórðungi í fyrra.

Rekstrarhagnaður nam 15,4 milljónum Bandaríkjadala, sem er 18% af sölu, samanborið við 8,1 milljón og 10% af sölu á sama tímabili í fyrra sem er aukning um 90%. Einskiptistekjur og jákvæð gengisáhrif hafa áhrif á þessa aukningu.

Afskriftir óefnislegra eigna vegna fyrirtækjakaupa námu 3,7 milljónum Bandaríkjadala sem er sama upphæð og á þriðja fjórðungi 2007. Afskriftir í kjölfar fyrirtækjakaupa á liðnum árum eru í samræmi við reikningsskilastaðla og hafa áhrif á rekstrarreikning en undirliggjandi eignir rýrna ekki að verðgildi. Gert er ráð fyrir að afskriftir óefnislegra eigna muni fara lækkandi 2009.

Nettó vaxtagjöld/tekjur voru jákvæðar og námu 2,4 milljónum Bandaríkjadala samanborið við 5,8 milljónir í vaxtagjöld á þriðja fjórðungi 2007 og dragast saman vegna minni skuldsetningar og gengispróunar á evru gagnvart Bandaríkjadala.

Össur hefur vaxtaskiptasamning sem festir vaxtaþrósentu á langtímalánum félagsins. Föst vegin vaxtaþrósentu út lánstímabilið er 5,99% á ári. Gengisáhrif höfðu jákvæð áhrif á langtímalán félagsins í evrum og voru jákvæð sem nema 7 milljónum Bandaríkjadala samanborið við 3,9 milljóna dala kostnað á þriðja fjórðungi 2007.

Tekjuskattur nam 4,1 milljón Bandaríkjadala sem er 23% virkt skatthlutfall samanborið við 6% virkt skatthlutfall á sama tímabili í fyrra. Tekjuskattur á þriðja ársfjórðungi í fyrra var óvenju lítill. Gert er ráð fyrir að skatthlutfallið muni haldast á svipuðu bili það sem eftir er af árinu.

Hagnaður tímabilsins nam 13,7 milljónum Bandaríkjadala, samanborið við 2,2 milljónir Bandaríkjadala á þriðja fjórðungi 2007.

EBITDA jókst um 50% frá þriðja ársfjórðungi 2007 og var 21,1 milljón dala og 24% af sölu samanborið við 14,1 milljón dala og 17% af sölu. EBITDA, leiðrétt fyrir einskiptistekjum, nam 19,1 milljón og 22% af sölu.

Vöruflokkar

Skipting sölu milli vöruflokka var þessi:

USD '000	3. ársf. 2008	% af sölu	vöxtur í USD	vöxtur í staðb. mynt
Stuðningsvörur	44,524	51%	2%	0%
Stoðtæki	37,618	43%	10%	7%
Blóðrásarmeðferðir	3,790	5%	23%	12%
Annað	1,332	1%	-21%	-23%
Samtals	87,264	100%	6%	3%

Söluvöxtur í spelkum og stuðningsvörum var 2%. Söluvöxtur mældur í staðbundinni mynt stóð í stað. Sala á spelkum og stuðningsvörum í Ameríku hefur verið undir markmiðum það sem af er árinu og dregur niður heildarvöxt vöruflokksins. Í kjölfar endurskipulagningar á sölukerfinu í Bandaríkjunum hefur sala ekki náð sér á strik. Sala á stuðningsvörum í Bandaríkjunum mun halda áfram að vera krefjandi. Á þriðja ársfjórðungi voru þrjár nýjar vörur og vörunýjungar kynntar á markaðnum, þar á meðal Exoform Dorsal Night Splint, spelka sem er m.a. notuð til meðferðar á bólgu í il, bólgu í hásin, drop-fæti (lömum í taug í fæti) og við verkjum í fæti eftir kyrrstöðu.

Sala á stoðtækjum jókst um 10%. Söluvöxtur í staðbundinni mynt var 7%. Salan á stoðtækjum heldur áfram að aukast. Ein ný vara var kynnt á markaðnum á fjórðungnum, Iceross Seal-In X5 sem er halsa sem hægt er að nota bæði fyrir ofan og neðan hné. Þessi vara hefur hlotið góðar móttökur.

Sala á vörum til nota við blóðrásarmeðferðir jókst um 23%. Söluvöxtur, mældur í staðbundinni mynt var 12% sem er vel yfir vexti markaðarins, sem er talinn vera á bilinu 5-7%. Nýjar vörur hafa verið kynntar á árinu.

Vinna við að samræma vörulínur heldur áfram og var hætt að framleiða sjö vörur á fjórðungnum.

Markaðssvæði

Dreifing sölu eftir markaðssvæðum var sem hér segir:

USD '000	3. ársf. 2008	% af sölu	vöxtur USD	Vöxtur í staðb. mynt
Ameríka	43,864	50%	3%	3%
EMEA	39,857	46%	9%	2%
Asía	3,543	4%	21%	20%
Samtals	87,264	100%	6%	3%

Ameríka

Sala Össur Americas var 3%. Sala á spelkum og stuðningsvörum hefur staðið í stað og hefur áhrif á heildarvöxt þessa markaðssvæðis. Salan á spelkum og stuðningsvörum á þessum markaði hefur verið krefjandi, en breytingar á sölukerfinu hafa ekki en skilað aukinni sölu. Gert er ráð fyrir að breytingar á stjórnendum og söluaðferðum muni hafa jákvæð áhrif.

Salan í Ameríku nam 50% af heildarsölnunni, samanborið við 51% á þriðja fjórðungi 2007.

Evrópa, Mið austurlönd og Afríka (EMEA)

Söluaukningin í Evrópu, Mið austurlöndum og Afríku var 9% og 2% mælt í staðbundinni mynt. Á þessu ári hefur EMEA lagt aukna áherslu á að selja beint í stað þess að selja í gegnum dreifiaðila. Þetta hefur tímabundið neikvæð áhrif á söluvöxt en eykur arðsemi. Söluvöxtur EMEA, að undanskilinni sölu til dreifiaðila, var 5%, mælt í staðbundinni mynt. Flutningur á sölu frá dreifiaðilum yfir í beina sölu mun minnka áreikstra í sölukerfinu og er gert ráð fyrir að muni flýta fyrir hraðari vexti á næsta ári.

Sala Össur EMEA nam 46% af heildarsölnunni, samanborið við 45% á sama tímabili 2007. Á öðrum ársfjórðungi á þessu ári var sala EMEA 54% af heildarsölnunni. Þessi lækkun á þriðja fjórðungi er vegna sumarlokunar hjá Gibaud sem hefur töluverð áhrif á sölu EMEA á þriðja fjórðungi.

Asía

Söluaukningin í Asíu hefur verið mjög góð og var 21%, mælt í Bandaríkjadöllum og 20% mælt í staðbundinni mynt. Össur í Asíu gegndi viðamiklu hlutverki á Ólympíuleikum fatlaðra í Peking í september með stuðningi við keppendur í Össurar liðinu (Team Ossur) og nýtti einnig tækifærið og kynnti starfseminu í Kína enn frekar. Keppendur í Össurarliðinu náðu mjög góðum árangri og hlutu alls 21 verðlaun.

Sala í Asíu nam 4% af heildarsölnunni, sem er óbreytt frá þriðja fjórðungi 2007.

Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur (Þús. USD)	30. sept. 2008	31. des. 2007	Breyting
Fastafjármunir	478.465	503.564	-5%
Veltufjármunir	136.479	132.257	3%
Eignir samtals	614.944	635.821	-3%
Eigið fé	264.383	250.282	6%
Langtímaskuldir	223.738	239.361	-7%
Skammtímaskuldir	126.823	146.178	-13%
Eigið fé og skuldir samtals	614.944	635.821	-3%
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA sl. 12 mán.	3,2	4,4	
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA LTM adj.* sl. 12 mán.	3,7	4,8	
Eiginfjárhlutfall	43%	39%	

* leiðrétt fyrir einskiptistekjum og einskiptiskostnaði.

Fjárhagslegur styrkur Össurar er góður og skuldastaða skynsamleg. Eiginfjárhlutfall í lok fjórðungsins var 43%, samanborið við 39% í árslok 2007. Nettó vaxtaberandi skuldir á móti EBITDA síðustu 12 mánuði voru 3,2 EBITDA (3,7x EBITDA leiðrétt). Fjárhagslegur styrkur Össurar er góður og í takt við stefnu félagsins.

Það sem eftir stendur af brúarláni sem var tekið við kaupin á Gibaud hefur verið framlengt til 1. janúar 2009. Eftirstöðvar brúarlánsins nema 53,6 milljónum Bandaríkjadala. Ekki hefur verið gengið frá endurfjármögnun eða framlengingu lánsins vegna nýafstaðinna breytinga á bankakerfinu á Íslandi. Össur hefur mjög sterkt sjóðstreymi og hefur því kost á að greiða niður skuldir á skömmum tíma.

Sjóðstreymi

Sjóðstreymi (þús. USD)	3. ársf. 2008	% af sölu	3. ársf. 2007	% af sölu
Handbært fé frá rekstri	17.336	20%	(2.205)	n/a
Hreint veltufé frá rekstri	11.809	14%	12.324	15%

Fjárfestingar í fastafjármunum námu 2,0 milljónum Bandaríkjadala sem jafngildir 2,3% af sölu samanborið við 1,1 milljón og 1,4% á sama tímabili í fyrra.

Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut	3. ársf. 2008	3. ársf. 2007	Breyting
Hagnaður á hlut að teknu tilliti til kaupréttá (bandarísk sent)	3,24	0,56	479%
Hagnaður að viðbættum afskriftum á útistandandi hlut að teknu tilliti til kaupréttá (bandarísk sent)	4,60	2,10	119%

Við samanburð á EPS milli ára ber að hafa í huga að einkiptistekjur hafa áhrif á EPS á þriðja fjórðungi 2008 og einkiptiskostnaður á þriðja fjórðungi 2007.

Samanburður fimm ársfjórðunga

Samanburður sl. fimm ársfjórðunga (þús. USD)	Q3 2008	Q2 2008	Q1 2008	Q4 2007	Q3 2007
Sala	87.264	92.881	89.754	84.870	82.322
Framlegð	51.765	54.247	53.177	46.227	47.355
Rekstrarhagnaður	15.358	12.744	17.041	16.157	8.125
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)	2.382	(5.095)	(9.043)	(8.445)	(5.840)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	17.740	7.649	7.998	7.712	2.285
Hagnaður tímabilsins	13.689	3.944	6.684	6.648	2.155
EBITDA	21.128	19.040	22.950	22.732	14.068
EBITDA leiðrétt*	19.112	19.040	17.449	13.474	14.068
Framlegð sem hlutfall af sölu	59%	58%	59%	54%	58%
EBITDA sem hlutfall af sölu	24%	21%	26%	27%	17%
EBITDA leiðrétt* sem hlutfall af sölu	22%	21%	19%	16%	17%
Eigið fé	264.383	268.931	259.336	250.282	171.089
Heildareignir	614.944	645.924	651.358	635.821	625.068
Veltufjárhlutfall	1,1	1,1	0,6	0,9	0,6
Eiginfjárhlutfall	43%	42%	40%	39%	27%
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA s.l. 12 mán.	3,2	3,5	3,6	4,4	7,8
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA s.l. 12 mán. leiðrétt*	3,7	4,3	4,4	4,8	6,8
Veltufé frá rekstri	17.336	13.352	19.505	31.180	-2.205
Handbært fé frá rekstri	11.809	7.376	14.278	19.982	12.324
Hagnaður á hlut (bandarísk sent)	3,24	0,93	1,58	1,62	0,56
Hagnaður á hlut að viðbættum afskriftum (bandarísk sent)	4,60	2,42	2,98	3,22	2,10
Verð á hlut í lok tímabils (ISK)	93,8	93,4	92,7	98,5	101,5
Markaðsvirði í lok tímabils í milljónum dala	391	498	511	731	630

*Leiðrétt fyrir einkiptiskostnaði og einkiptistekjum

Rekstrarreikningur fyrir fyrstu níu mánuði 2008

Rekstrarreikningur fyrstu níu mánuði 2008 (þús. USD)	Jan.-sept. 2008	% af sölu	Jan.-sept 2007	% af sölu	Breyting
Sala	269.899	100,0%	250.739	100,0%	7,6%
Kostnaðarverð seldra vara	(110.710)	-41,0%	(102.870)	-41,0%	7,6%
Framlegð	159.189	59,0%	147.869	59,0%	7,7%
Aðrar rekstrartekjur	9.482	3,5%	828	0,3%	1045,2%
Sölu- og markaðskostnaður	(68.946)	-25,5%	(63.961)	-25,5%	7,8%
Þróunarkostnaður	(15.903)	-5,9%	(14.917)	-5,9%	6,6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(38.679)	-14,3%	(46.260)	-18,4%	-16,4%
	45.143	16,7%	23.559	9,4%	91,6%
Rekstrarhagnaður					
Fjármunatekjur	225	0,1%	5.576	2,2%	-96,0%
Fjármagnsgjöld	(11.981)	-4,4%	(28.794)	-11,5%	-58,4%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	33.387	12,4%	341	0,1%	9690,9%
	(9.070)	-3,4%	591	0,2%	2509,1%
Tekjuskattur					
Hagnaður tímabilsins	24.317	9,0%	932	0,4%	2509,1%
EBITDA	63.116	23,4%	41.661	16,6%	51,8%
EBITDA adj.*	55.601	20,6%	42.949	17,1%	29,5%

*Leiðrétt fyrir einskiptiskostnaði og einskiptistekjum

Sala fyrstu níu mánuði ársins var 269,9 milljónir Bandaríkjadala, sem er 8% söluaukning samanborið við fyrstu níu mánuði ársins 2007. Söluaukning, mæld í staðbundinni mynt, var 2%. Gengisáhrif hafa jákvæð áhrif á söluvöxt og arðsemi hefur aukist.

Sala í Ameríku hefur verið slök á þessu ári og stóð í stað á fyrstu níu mánuðum ársins. Sala í Evrópu, Miðausturlöndum og Afríku (EMEA) jókst um 14% og 4%, mælt í staðbundinni mynt. Minni vöxtur hjá Gibaud og aukin áhersla á beina sölu í stað dreifiaðila hefur áhrif á heildarvöxt EMEA. Þetta hefur tímabundið neikvæð áhrif á söluvöxt í EMEA. Flutningur á sölu frá dreifiaðilum yfir í beina sölu mun minnka árekstra í sölukerfinu og er gert ráð fyrir að muni flýta fyrir hraðari vexti á næsta ári. Sala í Asíu jókst um 24% og 22%, mælt í staðbundinni mynt.

Framlegð var 159,2 milljónir Bandaríkjadala samanborið við 147,9 milljónir dala á fyrstu níu mánuðum ársins 2007 sem er 8% aukning.

Aðrar rekstrartekjur nema 9,5 milljónum Bandaríkjadala. Undir liðnum aðrar rekstrartekjur eru 8,8 milljónir vegna sölunnar á sáraumbúðavörulínu félagsins.

Kostnaðarliðir sem hlutfall af sölu voru 46% samanborið við 50% á sama tímabili 2007. Það sem hefur áhrif á þessa lækkunin er einskiptiskostnaðar vegna málaferla sem fellur undir skrifstofu- og stjórnunarkostnað og jákvæð gengisáhrif sem nema 3 milljónum dala. Þar að auki er skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Rekstrarhagnaður nam 45,1 milljón Bandaríkjadala, sem er 17% af sölu, samanborið við 23,6 milljónir og 9% af sölu á sama tímabili í fyrra sem er aukning um 92%. Einskiptistekjur og jákvæð gengisáhrif hafa jákvæð áhrif á þennan lið.

Nettó fjármagnsgjöld/tekjur á fyrstu níu mánuðum ársins námu 11,8 milljónum Bandaríkjadala samanborið við 23,2 milljónir á sama tímabili 2007 og dragast saman vegna minni skuldsetningar og gengisáhrifa á tímabilinu.

Hagnaður tímabilsins nam 24,3 milljónum Bandaríkjadala, samanborið við 900 þúsund dali á sama tímabili 2007.

EBITDA nam 63,1 milljón dala og var 23% af sölu samanborið við 41,7 milljónir dala og 17% af sölu á fyrstu níu mánuðum ársins 2007. EBITDA leiðrétt fyrir einskiptiskostnaði og einskiptistekjum nam 55,6 milljónum dala og 21% af sölu samanborið við 42,9 milljónir dala og 17% á sama tímabili í fyrra. Leiðrétting fyrir einskiptistekjum er 8,8 milljónir dala vegna sölunnar á sáraumbúðavörulínu félagsins á fyrsta ársfjórðungi 2008. Leiðrétting fyrir einskiptiskostnaði 2007 nemur 1,2 milljónum dala vegna lögfræðikostnaðar.

Skipting á tekjum og kostnaði eftir myntum

Vegna óvenjulegs ástands á fjármálamörkuðum fer Fjármálaeftirlitið fram á að félög geri grein fyrir áhrifum íslenskrar krónu á rekstur félagsins. Hér að neðan er tafla sem sýnir skiptingu milli helstu mynta.

Mynt	Tekjur	Gjöld
USD	47,3%	46,9%
EUR	33,4%	28,4%
ISK	0,7%	11,0%
Aðrar evrópumyntir	18,6%	13,7%

Rekstrarhorfur

Styrking Bandaríkjadals gagnvart evru er líkleg til að draga saman rekstrar- og efnahagsreikning Össurar. Stjórnendur gera ráð fyrir að salan fyrir árið 2008 verði í kringum 350 milljónir Bandaríkjadala. Gert er ráð fyrir að EBITDA hækki og verði á bilinu 70-75 milljónir dala, í stað 67-70 milljónir dala eins og áður var áætlað. Ef tekin er með söluhagnaður vegna sölnunnar á sáraumbúðavörulínunni verður EBITDA á bilinu 79-84 milljónir dala.

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningur fyrir þriðja ársfjórðung 2008 fyrir félagssamstæðu Össurar hf. var samþykktur á stjórnarfundi 27. október. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards).

Samkvæmt reikningsskilareglum miðast umreikningur rekstrarliða milli gjaldmiðla við meðalgengi rekstrartímabils. Við umreikning efnahagsliða er notað gengi í lok ársfjórðungsins.

Eftirfarandi dagsetningar sýna áætlaða birtingu uppgjóra fyrir árið 2008:

Fjórði fjórðungur / ársuppgjör
Aðalfundur 2009

5. febrúar 2009
20. febrúar 2009

Nánari upplýsingar

Jón Sigurðsson, forstjóri sími: 515-1300
Hjörleifur Pálsson, fjármálastjóri sími: 515-1300
Sigurborg Arnarsdóttir, fjárfestatengill sími: 515-1300

Fréttatilkynningar frá Össuri sendar með tölvupósti

Ef óskað er eftir því að fá fréttatilkynningar frá Össuri sendar með tölvupósti, er hægt að skrá sig á eftirfarandi síðu: <http://www.ossur.com/investormailings>

Ef ósamræmi er milli ensku og íslensku fréttarinnar, gildir enska útgáfan.